



Dalabyggð

Reglur

um garðslátt fyrir öryrkja og ellilífeyrisþega

1.gr. Markmið

Markmiðið með aðstoð við garðslátt er að styðja þjónustuþega til sjálfshjálpar og gera viðkomandi kleift að búa sem lengst í heimahúsi.

2.gr. Réttur

Rétt til garðsláttar eiga:

- Ellilífeyris- og örorkulífeyrisþegar með lögheimili í Dalabyggð.
- Heimili þar sem allir heimilismenn eru ellilífeyris- og/eða örorkulífeyrisþegar.
- Heimili þar sem aðrir heimilismenn, 18 ára og eldri geta ekki annast garðslátt fyrir hönd ellilífeyris- og/eða örorkulífeyrisþega.

3.gr. Stjórn og yfirumsjón

Áhaldahús ber ábyrgð á meðferð og afgreiðslu umsókna um þjónustu ásamt skipulagningu og framkvæmd þjónustunnar.

4.gr. Gjaldskrá

Þjónustuþegi greiðir fyrir þjónustu samkvæmt gjaldskrá sem sett er ef sveitarstjórn.

Gjaldskrá sumarsins 2020 er eftirfarandi:	
Komugjald	1000kr.-

5.gr. Afsláttur

Tekjulágum ellilífeyrisþegum, 67 ára og eldri, sem og örorkulífeyrisþegum með fulla örorku (75%) með lögheimili og búsetu í Dalabyggð er veittur afsláttur af gjaldi fyrir garðslátt. Við ákvörðun afsláttar skulu notaðar sömu viðmiðanir og fyrir afslátt af fasteignaskatti og holræsagjaldi til elli- og örorkulífeyrisþega sem miðað er við hverju sinni ákveði sveitarstjórn ekki annað. Þær fjárhæðir miðast við árstekjur (heildartekjur), sbr. síðasta skattaframtal og gilda fyrir lækun gjalds fyrir garðslátt á umsóknarári.



Dalabyggð

6.gr. Þjónustulýsing

Þjónustupegar geta beðið um slátt þrisvar sinnum yfir sumarið. Þjónusta felst í því að grasfletir innan skilgreindra marka eru slegnir og garðúrgangur sem fellur til við slátt er hirtur af lóð og fargað. Þjónustupegar geta einnig beðið um beðahreinsun einu sinni yfir sumarið á starfstíma vinnuskóla. Ekki er boðið upp á áburðargjöf eða önnur garðyrkjustörf. Grasflatir skulu vera aðgengilegar fyrir slátt. Einungis er slegið þegar um er að ræða einbýlishús, parhús eða raðhús. Réttur til garðsláttar er bundinn við húsnæði þar sem umsækjandi hefur lögheimili og fasta búsetu. Möguleiki er á röskun sláttar ef veður er slæmt en verður þá sinnt við fyrsta tækifæri. Að hámarki getur þjónustupegi fengið slegna 650fm. Sé lóð ekki afmörkuð eru aðeins slegnir 2m út frá húsvegg.

7.gr. Umsókn

Sótt er um garðslátt á eyðublaði sem fæst bæði á vefsíðu Dalabyggðar: www.dalabyggd.is eða á skrifstofu sveitarfélagsins í Stjórnsýsluhúsi Dalabyggðar að Miðbraut 11, 370 Búðardal. Opið er fyrir umsóknir allt árið en unnið er úr þeim að vori. Samþykkt umsókn gildir fyrir ár hvert. Nánari upplýsingar og aðstoð vegna umsóknar eru veittar á skrifstofu Dalabyggðar.

Dalabyggð **XX.XX.2020**

Kristján Sturluson, sveitarstjóri Dalabyggð